

1973 nr. 54 25. apríl**Lög um norrænan tækni- og iðnþróunar-
sjóð**

Tóku gildi 24. maí 1973.

■ 1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að staðfesta fyrir Íslands hönd samning ríkisstjórna Danmerkur, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar um stofnun norræns tækni- og iðnþróunarsjóðs, sem gerður var í Osló 20. febrúar 1973. Texti samningsins

fylgir lögum þessum og telst hluti af þeim,¹⁾ og skulu ákvæði hans hafa lagagildi hér á landi.

¹⁾ Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með lögnum í Lagasafni 1995, bls. 840–841.

■ 2. gr.

Sjóðurinn er undanþeginn opinberum gjöldum og sköttum hér á landi.

Sjóðurinn er undanþeginn stimpilgjöldum af lánnum og öðrum fjárskuldbindingum, er hann kann að taka á sig hér á landi.